

Nýútkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs, undirskrifuð af konungi 28. maí 1887 (A. nr. 3, bls. 6—7).

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur, undirskrifuð af konungi 10. júní 1887 (A. nr. 4, bls. 8—9).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um frumvarp til laga um 67
takmörkun á fjárforræði þurfamanna. — Um leið og þess skal getið, að hans hátign 27. maí.
konunginum hefir allramildilegast þóknast 15. f. m. eptir allrapeglegustum tillögum
ráðgjafans að neita frumvarpi því til laga um takmörkun á fjárforræði þurfamanna, er
þiggja sveitarstýrk, er alpingi 1885 samþykkti, um staðfestingu sína, læt jeg eigi hjálfiða
að senda yður hjer með 65 expl. af frumvarpi til laga með nokkrum ákvæðum um þeg-
inn sveitarstýrk m. m., sem búið hefir verið til í stjórnarráðinu, til þess að þjer leggið
frumvarp þetta fyrir alpingi það, er saman á að koma í ár.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um greiðslu árgjalda frá 68
einu prestakalli til annars. — Með skýrskotun til tillagna yðar í brjefi 7. febr. þ. á. 3. júní.
viðvíkjandi framkvæmd á því ákvæði í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880, 3. gr.,
að gjald það, sem greiða á frá einu prestakalli til annars, skuli sem mest greiða með fast-
eignum eða afgjaldi fasteigna, hafið þjer herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 5. f. m.,
lagt það til, að svo verði fyrirskipað, að því er snertir árgjöld þau, er hvíla á presta-
köllunum Hofi í Vopnafirði og Valþjófsstað, sem hjer segir:

A. Hof í Vopnafirði. Þær 700 kr., sem brauðið á að gjalda, greiðist þannig:

1, að til Skeggjastaoa prestakalls, sem á að fá 300 kr. uppbót, leggist þessar jarðir:	
Saurbær í Skeggjastadahreppi	afgjald á ári kr. 72,23
Viðvík í sama hreppi	— - — — 141,97
Skógar í Vopnafjarðarhreppi	— - — — 95,98
	kr. 310,18

en að þær kr. 10,18, sem umfram eru, borgist Hofs prestakalli af innstæðu Skeggjastaoa prestakalls, sem biskupinn hefir undir höndum.

2, að til Desjarmýrar prestakalls, sem á að fá 300 kr. uppbót, leggist þessar jarðir:	
Rjúpnafell	afgjald á ári kr. 121,78
Refstaðir	— - — — 109,96
Rauðhólar	— - — — 60,89
	kr. 292,63

Þær kr. 7,37, sem á vantar, greiðist Desjarmýrar prestakalli af innstæðu Hofs prestakalls hjá biskupi.

3, þær 100 kr., sem eptir standa, borgist af rentum nefndrar innstæðu Hofs prestakalls til Fjarðar prestakalls í Mjóafirði, sem á að fá alls 800 kr. uppbót.

B. Valþjófsstaður. Þær 500 kr., sem brauðið á að greiða á ári, borgist Fjarðar prestakalli í Mjóafirði, þannig, að til nefnds prestakalls leggist þessar jarðir frá Valþjófsstaðar prestakalli:

9. dag júlímán. 1887.